

JAFNRÉTTISSTEFNA

TILGANGUR

Jafnréttisstefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 eiga að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

ÁBYRGÐ

Landsbókavörður ber ábyrgð á því að jafnréttisstefnu sé fylgt en jafnframt eru stjórnendur ábyrgir fyrir framgangi stefnunnar. Mannauðsstjóri er jafnréttisfulltrúi safnsins og tengiliður við Jafnréttisstofu. Hafi starfsmaður athugasemdir við framkvæmd áætlunarinnar skal hann snúa sér til mannauðsstjóra. Jafnréttisstefnan skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

UMFANG OG MARKMIÐ

Jafnréttisstefnan nær til allrar starfsemi safnsins. Gæta skal að fyllsta jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og að allt starfsfólk verði metið á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður stofnunarinnar nýtist sem best. Jafnréttisstefnu skal fylgt í hvívetna og á það jafnt við um innra og ytra starf safnsins, s.s. við stefnumótun og áætlanagerð, skipulag þjónustu og miðlun safnefnis. Stefnunni er fylgt eftir með eftirfarandi framkvæmaáætlun:

FRAMKVÆMD

Ráðningar

- Í auglýsingum um störf kemur fram að við ráðningar sé tekið mið af jafnréttisstefnu safnsins.
- Jafnrétti ríkir við ráðningar starfsólks og laus störf eru opin óháð kyni. Verði tveiri eða fleiri umsækjendur um starf metnir jafn hæfir, verði umsækjandi valinn af því kyni sem er í minnihluta á umræddu starfssviði.
- Stefna skal að jöfnu hlutfalli kynja innan stofnunarinnar. Störf flokkast ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf.

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Í árlegri skýrslu um starfsmannamál er gerð samantekt á hlutfalli kynja eftir sviðum.	Mannauðsstjóri	Janúar ár hvert
Í árlegri skýrslu um starfsmannamál er gerð samantekt um laus störf á liðnu ári, fjölda umsækjenda og kynjahlutfall.	Mannauðsstjóri	Janúar ár hvert
Nýliðum skal kynnt jafnréttisstefna safnsins.	Mannauðsstjóri	Við upphaf starfs

Starfsþróun og starfsaðstæður

- Starfsfólk skal hafa jafnan aðgang að sí- og endurmenntun, starfsþjálfun, rannsóknarleyfum, þátttöku á námskeiðum og ráðstefnum og annarri fræðslu óháð kyni. Sama gildir um starfsþróun.

- Starfsfólk er valið í starfshópa og nefndir út frá faglegum forsendum. Þátttaka og ábyrgð starfsfólks í starfshópum og nefndum skal vera jöfn eftir kynjum svo framarlega sem faglegar forsendur leyfa.
- Ekki er mismunað við ákvarðanir á starfsaðstæðum. Ákvarðanir byggja á faglegum forsendum.

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Í árlegri skýrslu um starfsmannamál er gerð samantekt -um endurmenntun og fræðslu sem greidd er af safninu -um þátttöku starfsmanna í innanhússfræðslu -greint eftir kynjum og sviðum	Mannauðsstjóri og fjármálastjóri	Janúar ár hvert

Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og einelti

- Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.
- Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg/kynbundin áreitni, einelti, lítillækkun eða önnur óviðeigandi hegðun er ekki liðin innan safnsins. Safnið hefur mótað viðbragðsáætlun vegna eineltis og/eða kynferðislegrar/kynbundinnar áreitni.

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Starfsfólk er hvatt til að kynna sér reglur og verkferla varðandi kynbundið ofbeldi, kynferðislega/kynbundna áreitni, einelti og aðra óviðeigandi hegðun. Reglur er að finna í starfsmannahandbók.	Landsbókavörður og mannauðsstjóri	Birt á innri vef

Launajafnrétti

- Greiða skal jöfn laun og veita sömu kjör fyrir sambærileg störf.
- Safnið hefur sett sér jafnlaunastefnu, er með jafnlaunakerfi og starfsmat er nær til allra starfa. Jafnlaunastefna, jafnlaunakerfi og handbók starfsmats safnsins er birt í starfsmannahandabók og gæðahandbók á innri vef.

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Árlega skal fara fram greining og tölfræðileg samantekt á launum starfsfólks.	Fjármálastjóri og mannauðsstjóri	Október ár hvert
Komi fram útskýrður launamunur skal hann leiðréttur með rökstuðningi.	Fjármálastjóri og mannauðsstjóri	
Á tveggja ára fresti skal fara fram heildstætt endurmat á störfum í starfsmatskerfi.	Fjármálastjóri og mannauðsstjóri	Viðvarandi
Landsbókasafn hefur jafnlaunavottum.	Fjármálastjóri og mannauðsstjóri	Árleg viðhaldsúttekt

Samræming starfs og einkalífs

- Starfsfólki er gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með gagnkvæmum sveigjanleika í vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið. Þessi sveigjanleiki skal ekki koma niður á starfsþróunarmöguleikum starfsmanns.
- Bæði kyn eru hvött til að nýta sér fæðingarorlof og foreldar eru hvattir til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Reglur um sveigjanlegan vinnutíma má finna í starfsmannahandbók.	Mannauðsstjóri	Er birt á innri vef stofnunar
Nýliðum skulu kynntar reglur um sveigjanlegan vinnutíma og veikindarétt.	Mannauðsstjóri	Er birt á innri vef og hluti nýliðafraeðslu

Samskipti og starfssemi safnsins

- Starfsfólk skal sýna samstarfsfólki og gestum hússins fulla virðingu án tillits til kynferðis, skoðana, aldurs eða efnahags, trúarbragða, litarháttar og þjóðernis, kynhneigðar eða stöðu þeirra að öðru leyti.
- Starfsfólk skal ekki haga samskiptum sínum þannig að þau ýti undir eða styðji staðalímyndir eða hefðbundnar kynjaímyndir.
- Samþætta skal jafnréttissjónarmið við starfssemi og þjónustu safnsins.
- Safnið skal vinna að því, í samstarfi við Landskerfi bókasafna, að tölfraeði sem dregin er út úr gegnir.is og leitir.is verði kyngreind.

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Samskiptareglur má finna í starfsmannahandbók.	Mannauðsstjóri	Eru á innri vef
Kyngreindar upplýsingar um notendur þjónustu.	Framkvæmdaráð	Birt í ársskýrslu
Kyngreind skýrsla um sýningar og kjörgrip mánaðarins.	Umsjón sýningahalds	Birt í ársskýrslu
Árlegt stöðumat á kynjasamþættingu í tengslum við ársskýrslu.	Mannauðsstjóri	Birt á innri vef
Komi fram kynbundin mismunun skal vinna gegn henni.	Landsbókavörður og mannauðsstjóri	
Kyngreindar tölfraeðiupplýsingar úr gegnir.is og leitir.is	Framkvæmdaráð	Árslokatölfraeði Landskerfis bókasafna

LAGARAMMI

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020

FERLI

Við yfirfærslu í nýtt gæðakerfi 28.08.2024 var tilvísun í jafnréttislög uppfærð og byggir jafnréttisstefna safnsins á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 í stað eldri laga, Jafnréttislaga nr. 10/2008.

TILVÍSUN Í ELDRA GÆÐAKERFI

Jafnréttisstefna – Skjalanúmer: SS-0055 - Útgáfa: 1 – Útgáfudagur: 25.10.2022